



Floridana deildin - Upplýsingar og regluverk

Útgáfa 4 –Samþykkt þann 6.1.2024

Almennt

ÍPS kynnir með stolti í samstarfi við Ölgerð Egils Skallagrímssonar FLORIDANA deildina.

FLORIDANA deildin er til þess fallin að allir geta tekið þátt í deild sem hentar þeirra getu og að allir sem taka þátt fá verðuga keppni og spila við leikmenn af svipuðum styrkleika og geta leikmenn því farið upp og niður um deildir eftir því hvernig þeir spila.

Skipting deilda

FLORIDANA deildin skiptist í Kristalsdeild, Gulldeild, Silfurdeild, Bronsdeild, Kopardeild og svfr. eftir því hve margir keppendur taka þátt hverju sinni en að hámarki eru 12 keppendur í Kristalsdeild og 9 í öðrum deildum. Ekki er þak á fjölda deilda og fer fjöldi deilda eftir fjölda skráninga.

Umferðir

Umferðir í FLORIDANA deildinni verða spilaðar á sunnudegi og verða umferðir auglýstar á dagatali dart.is. Stefnt er að því að spila 5-6 umferðir á hverju ári.

Spilafyrirkomulag

Allir leikir í FLORIDANA deildinni eru 501, einfaldur inn, tvöfaldur út. Spilað er best af 7 leggjum í efstu deildum karla og best af 5 leggjum í öðrum deildum. Í Norðausturdeild FLORIDANA er spilað best af 7 í efstu deild en best af 5 í öðrum deildum. Í öllum kvennadeildum er spilað best af 5 leggjum. Búllað er fyrir fyrsta legg og gengur búllið í gegn.

Í 9 manna deild spilast 3 leikir í einu með 3 skrifurum. Samtals gera þetta 36 leiki yfir daginn eða 12 umferðir. Gert er ráð fyrir að fyrstu leikir byrj kl. 10:30 og mun það taka um 7 klst að klára alla leiki í umferðinni. Ef skráningar hverju sinni ná ekki heilum tug þá getur það gerst að heildarfjöldi í hverri deild breytist til að ná jafnvægi í öllum deildum. Ef deild nær ekki heilum tug þá getur mótstjórn ákveðið að spila lengri leiki í þeim deildum.

Stigagjöf

1 stig verður gefið fyrir sigur í hverjum leik. Eftir hverja spilaða umferð þá er sigurvegarinn sá sem sigrar flesta leiki. Ef keppendur hafa sigrað jafn marga leiki þá ræður leggjámunur og síðan head2head. Ef keppendur eru ennþá jafnir þá er horft á unna leggi og seinast meðaltal keppanda. Tveir efstu keppendur í hverri umferð tryggja sig upp um amk. eina deild í næstu umferð. Ef keppandi sem tryggir sig upp um deild tekur ekki þátt í næstu umferð þar á eftir fellur meðaltal hans niður um 5%.

Tveir neðstu keppendur í hverri umferð falla niður um amk. eina deild í næstu umferð. Keppandi sem fellur niður um deild spilar næst þegar hann keppir að minnsta kosti í einni deild fyrir neðan sem keppandinn var í.

Skráning og röðun í deildir

Skráning verður í hverja umferð fyrir sig og ekki er krafa að taka þátt í öllum umferðum.

Keppendum verður raðað í deildir eftir úrslitum fyrri umferðar og meðtali keppanda eftir hverja spilaða umferð. Meðaltal úr umferð 1 verður notað til að raða í umferð no 2, meðaltal úr umferð 2 verður notað til að raða í umferð no. 3 og svo framvegis.

Meðaltal ásamt stigalista allra keppanda eftir hverja umferð verður gefið út og sýnilegt á heimasíðu sambandsins www.dart.is

Þáttökugjald

Þáttökugjald fyrir hverja umferð verður 3.500kr og þarf að greiðast áður en skráningarfrestur rennur út hverju sinni.

Gert er ráð fyrir að aðildarfélög verði með einn aðila frá félaginu í mótstjórn með ÍPS. Einnig er gert ráð fyrir að aðildarfélag bjóði uppá einn eða fleiri skrifara ef hægt er.

Greidd spjaldaleiga frá ÍPS til aðildarfélags eftir hverja umferð verður 1.500kr per skráðan og greiddan keppanda.